Greinargerð með barnabókinni Fyrsta heimsókn Ella og Evu í skólann

Laufey Friðriksdóttir
Svanfríður H. Hallmundsdóttir

Lokaverkefni til B.A.-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Greinargerð með barnabókinni Fyrsta heimsókn Ella og Evu í skólann

Laufey Friðriksdóttir
Svanfríður H. Hallmundsdóttir

Lokaverkefni til B.A.-prófs í þroskaþjálfafræði
Leiðsögukennari: Anna Björk Sverrisdóttir

Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Greinargerð með barnabókinni Fyrsta heimsókn Ella og Evu í skólann.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til B.A.-prófs við
Íþrótta-, tómstunda- og þrorkaþjálfadeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2013 Laufey Friðriksdóttir og Svanfríður H. Hallmundsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfunda.

Prentun: Bóksala Menntavísindasviðs
Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Skrifuð var barnabók sem fylgir þessari greinargerð. Hún fjallar um tvo vini í leikskóla sem brátt hefja grunnskólagöngu og eru í sögunni að fara í sína fyrstu heimsókn í grunnskólann. Hugmyndin með sögunni er að auka þekkingu ungra barna á margbreytileika hópsins. Eftir að lestri lýkur eru umræðupunktar sem gott væri að nýta í umræður með börnunum. Með þeim er ætlunin að auka skilning barnanna á því hversu eðlilegt það er að fólk sé ólíkt.

Greinargerðinn er fræðilegur hluti þessa verks. Þar er tekinn fyrir skóli án aðgreiningar og þau lög og reglugerðir sem eiga við menntun barna. Þau fræði sem tekin eru fyrir í greinargerðinni eru svo tengd við söguna sem samin var.

Efnisyfirlit

Útdráttur 3
Inngangur 5
Um söguna 6
Fræðilegur hluti 7
Skóli án aðgreiningar 7
Réttur barna til náms án aðgreiningar 10
Lög um leik- og grunnskóla 11
Alþjóðasamningar sem snerta nám barna 12
Ólík sýn á fötlun 13
Læknisfræðilegt sjónarhorn 13
Félagsleg sjónarhorn 14
Eðlilegt líf og samfélagsþátttaka 15
Viðhorf 17
Umræður 18
Tenging sögunnar við skóla án aðgreiningar 19
Tenging sögunnar við lög og reglugerðir 20
Tenging sögunnar við ólík sjónarhorn á fötlun 21
Tenging sögunnar við eðlilegt líf og samfélagsþátttöku 21
Tenging sögunnar við viðhorf 22
Lokaorð 23
Heimildir 24

Inngangur

Þegar við byrjuðum að velta fyrir okkur lokaverkefni okkar komu upp ýmsar hugmyndir. Við vorum sammála um að gaman væri að gera verkefni sem gæti nýst til þess að opna huga barna og auka þekkingu þeirra á margbreytileika hópsins. Að öll börn hafi kost á því að ganga í almenna leik- og grunnskóla. Eftir að hafa unnið með börnum finnst okkur þörf á því að kynna fyrir þeim margbreytileikann og hversu eðlilegur hann er. Niðurstaðan var því að gera barnabók þar sem okkur fannst ekki svo mikið um bækur sem eru auðlestnar og auðskiljanlegar fyrir ung börn um þetta málefni.

Sagan er ætluð börnum á leikskólaaldri og á fyrstu árum grunnskólans. Hún fjallar um tvo vini þar sem annað barnið hefur óþekkta fötlun sem ekki er tekin fram í sögunni hver er. Aðeins er hægt að sjá það á teikningum bókarinnar að um einhverskonar skerðingu sé að ræða þar sem sögupersónan notast við hjólastól. Markmiðið með þeirri aðferð að fjalla ekki um fötlunina sem slíka er að sýna fram á þann margbreytileika sem samfélagið býður uppá. Fötlunin þarf ekki að hafa áhrif á líf einstaklings eða stoppa hann í þeim athöfnum sem daglegt líf hefur uppá að bjóða hafi einstaklingar kost á því að fá aðstoð við hæfi.

Þegar kemur að menntun barna eru ýmis lög og reglugerðir sem koma að þeim þáttum. Í þessari greinargerð verða helstu lög og reglugerðir tekin fyrir þar sem réttur barna til náms verður skoðaður. Skóli án aðgreiningar á að gefa öllum nemendum kost á því að sækja þann skóla sem þeir kjósa, nánar verður fjallað um þá hugmyndafræði hér og hvað í henni felst. Að lokum verður sagan svo tengd við þá fræðilegu þætti sem teknir verða fyrir.

Um söguna

Í sögunni um Ella og Evu segir frá vinum sem eru á síðasta ári í leikskóla. Þann dag sem sagan á sér stað eru þau að fara að heimsækja grunnskólann sem þau munu ganga í um haustið. Sagan segir frá ferðalagi þeirra í skólann og þeim ævintýrum sem eiga sér stað á þeirri ferð.

Persónur sögunnar er ólíkar, Elli er ungur drengur sem tekur upp á ýmsu, hann er fjörugur og á það til að gleyma sér þegar spennandi atburðir eru framundan. Eva er hinsvegar róleg og yfirveguð stúlka, hún tekur vel eftir umhverfi sínu og er athugul. Þessir ólíku einstaklingar eru góðir vinir og vega hvor annan upp. Þrátt fyrir að Eva sé róleg þá virðist auðvelt fyrir Ella að draga hana með sér í ærslafulla leiki. Eva virðist hinsvegar nokkuð raunsæ og veit hver mörkin eru þegar komið er að því að slaka á og stöðva leikinn.

Þrátt fyrir að Elli og Eva hafi ólíkan persónuleika og lifi við nokkuð ólíkar aðstæður í lífinu eiga þau auðvelt með að eiga samskipti hvort við annað og leika sér saman. Eva er í hjólastól og hefur óþekkta fötlun sem ekki er tilgreind í sögunni. Sökum þess að hún þarf á hjólastólnum að halda á hún ef til vill erfiðara með að framkvæma ákveðna hluti og kemst hægar yfir. Elli er hinsvegar með fulla getu til þess að hreyfa sig og aðstoðar því vinkonu sína við það sem hún á erfitt með að gera sökum skerðingar sinnar. Þessi munur á hreyfifærni félaganna hefur ekki áhrif á vinskap þeirra meðan á sögunni stendur. Elli sækist til að mynda í að keyra hjólastólinn þegar farið er í skólaheimsóknina og virðist boðinn og búinn að aðstoða Evu við að sækja hluti sem hún getur ekki náð í þar sem hún kemst ekki að þeim. Eva sér svo um að Elli fari nægilega vel klæddur út og haldi sig við þær reglur sem settar hafa verið áður en lagt er af stað. Það hversu klár og skynsöm Eva er hjálpar Ella oft til að komast hjá því að lenda í vandræðum. Þau eru góð saman og sýna á svo skemmtilegan hátt hvernig vinir geta verið ólíkir og með ólíkar þarfir en samt er ánægjan alltaf í fyrirrúmi. .

Sagan fjallar um það hversu sjálfsagt það er að allir fái tækifæri til að taka þátt í almennu leikskóla- og skólastarfi hvort sem einstaklingurinn er með einhverja fötlun eða ekki. Öll erum við ólík og með okkar þarfir og með því að gera skólana að skóla fyrir alla þá munum við útrýma fordómum og sýna hversu eðlilegt það er að margbreytileikinn sé til staðar.

Fræðilegur hluti

Í þessum hluta verður fjallað um skóla án aðgreiningar og hvað í því felst. Einnig verða tekin fyrir lög og reglugerðir sem tengjast börnum og menntun þeirra. Fjallað verður um mikilvægi þess að einstaklingar eigi þess kost að lifa eðlilegu og sjálfstæðu lífi í því samfélagi sem þeir tilheyra. Viðhorf samfélagsins til skóla án aðgreininar verður lítillega skoðað með það í huga hvernig hugmyndinni um skóla án aðgreiningar sé tekið í samfélaginu.

Skóli án aðgreiningar

Það hafa miklar breytingar orðið á vestrænum löndum á síðustu áratugum. Lög og stefnumörkun hafa breyst með það að leiðarljósi að útrýma mismunun í garð þeirra einstaklinga sem eru með fötlun. Það eru ekki svo mörg ár síðan það var ekki möguleiki fyrir öll börn að ganga í skóla. Væri barn með einhverskonar fötlun, námsörðuleika eða komið af lágstéttafólki var það ekki velkomið í almennan skóla. Á síðustu árum hafa tímarnir breyst og með tilkomu grunnskólalaganna árið 1974 þá hefur stefna yfirvalda á Íslandi verið sú að öll börn eiga rétt á að ganga í skóla á sínu heimasvæði (Ingibjörg Bj. Bjarnadóttir, 2011).

Í 17. grein grunnskólalaga 91/2008 segir að allir nemendur eigi rétt á námi við sitt hæfi í almennum grunnskólum. Nemendur eiga að fá einstaklingsmiðað nám og geta stundað það í skóla án aðgreiningar, einnig kemur þessi réttur barna fram í lögum um leikskóla 90/2008. Í fræðum og tilraunastarfi hefur þetta hugtak, skóli án aðgreiningar, stærri og víðtækari merkingu. Yfirleitt er það skilgreint sem ferilshugtak sem felur í sér að í skólastarfi sé í boði gæðanám sem hentar fjölbreyttum hópi nemenda, þörfum þeirra og stuðli að lýðræðislegri þátttöku allra í skóla og samfélagi (Gestur Guðmundsson, 2008).

Fræðimennirnir George Herbert Mead og John Dewey lögðu áherslu á að öll börn fengju að stunda nám við sitt hæfi í almennum grunnskólum. Stefnan um skóla án aðgreiningar sækir margar meginstoðir sínar í hugmyndir þeirra Meads og Deweys. Dewey kenndi uppeldisstefnu sína gjarnan við lýðræði þar sem hann átti við að öll börn gætu stundað leitarnám sem myndi búa þau undir þátttöku í samfélaginu (Gestur Guðmundsson, 2008). Dewey telur að möguleikar til þess að bæta samfélagið felist í aukinni menntun. Til að auka möguleika á menntun telur hann að ólíkir hópar samfélagsins þurfi að umgangast hver annan, eiga í samskiptum og læra þar með hver af

öðrum. Mikilvægt er að börn af ólíkum uppruna deili reynslu sinni og læri þannig hvert af öðru. Með þessu móti öðlast þau þekkingu á reynslu annarra og skilningur þeirra eykst á þörfum fólks sem lifir við annarskonar aðstæður en þau sjálf (Guðmundur Heiðar Frímannsson, 2010).

Samkvæmt hugmyndum Dewey merkir það að lifa í lýðræðislegu samfélagi að við reynum að finna leiðir til þess að leysa ágreining sem upp kann að koma í samfélaginu, sem og að læra aðferðir til þess að lifa í samfélagi með fólki sem við höfum tilhneigingu til að vera ósammála. Allt er þetta fólk sem við getum lært af og á því rétt á virðingu sem verður að byggjast á trausti (Dewey, 1998). Reynt er að rækta lýðræðið og stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum, standa vörð um mannréttindi, félagsleg réttindi og þátttöku og þar með að tryggja öllum nemendum gott nám við þeirra hæfi innan almenns grunnskóla. Það er ef til vill aldrei hægt að skapa fullkomlega lýðræðislegan skóla, en það er mikilvægt að hafa það hugfast hvert stefnt er. Skóli án aðgreiningar er bæði að vísa til markmiða og leiða. Ef til vill er hægt að sjá í hugtakinu aðferðir og aðstæður í skólum sem útiloka nemendur og nemendahópa, einnig er hægt að sjá aðferðir sem tengja og byggja brýr milli allra nemenda. Hugtakið er þannig góð leið til þess að sjá á hvaða sviðum og á hvaða hátt má gera enn betur í þeirri þróun sem á sér stað (Ferguson, Ralph, Meyer, Lester, Droege, Hafdís Guðjónsdóttir, Sampson, Williams, 2012).

Það hafa ekki einungis orðið miklar breytingar á því kerfi sem snýr að grunnskólum, það hafa einnig orðið miklar breytingar á leikskólum landsins. Menningarlegur margbreytileiki setur mark sitt á samfélagið. Bæði stéttarstaða, samsetning fjölskyldna, trú, mismunandi kynhneigð foreldra og fleira sem gerir hópinn margbreytilegan. Það er því hægt að segja að aðstæður barna sem sækja leikskólann séu ólíkar. Miklar breytingar hafa orðið á starfi leikskóla undanfarin ár til að koma til móts við ólíkar þarfir barna á leikskólaaldri. Árið 1991 voru tekin í gildi lög sem sögðu til um að leikskólinn væri fyrsta skólastigið og að hann væri fyrir öll börn (Dóra S. Bjarnason, 1998).

Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfi. Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er lögð áhersla á jafnrétti og lýðræði. Markmiðið er að skapa tækifæri fyrir alla til þess að þroskast á sínum eigin forsendum, að kenna börnum að lifa í samfélaginu í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Einnig er lögð áhersla á skilning á því hvað felst í fötlun. Leikskólastarfið á að byggjast á fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu á ólíkum sjónarmiðum. Börnin

eiga að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem virðing og réttlæti einkenna samskipti. Börnin eiga að hafa tækifæri til þess að læra um mismunandi hópa og þar með bera virðingu fyrir þeim margbreytileika sem samfélagið býður uppá. Þessar hugmyndir sem áhersla er lögð á í aðalnámsskrá leikskólanna (2011) eru í anda Dewey og hugmynda hans sem sagt var frá hér áður, þar sem hann telur mikilvægt að börn eigi þess kost að kynnast mismunandi hópum og auka þannig þekkingu sína á margbreytileikanu með því að lifa í lýðræðislegu samfélagi (Guðmundur Heiðar Frímannsson, 2010).

Samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla (2011) á skólaganga barna að mynda samfellda heild þar sem sú reynsla og nám sem börn hafa hlotið á fyrri skólastigum nýtist þeim á því næsta. Þegar börn eru að ljúka leikskólagöngu sinni og hefja grunnskólagöngu hefur það í för með sér miklar breytingar fyrir barnið sjálft og fjölskyldu þess. Það er því mikilvægt að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna svo hægt sé að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri í þeim nýju aðstæðum sem þau fara í. Eigi þessi flutningur barna frá leikskóla yfir í grunnskóla að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel. Leikskólabörn eiga að hafa tækifæri til þess að kynnast því umhverfi og starfi sem grunnskólinn hefur uppá að bjóða, slíkar kynningar eiga þau að fá meðan þau eru enn í leikskóla.

Líkt og nefnt var hér að ofan er í öllu skólastarfi lögð áhersla á skóla án aðgreiningar. Skóli án aðgreiningar vísar ekki til hefðbundinnar sérkennslu eða ákveðinna vinnubragða sem notuð eru með börnum sem eru í veikri stöðu, hvort sem það er félagslega eða í námi. Hugtakið vísar til skólastarfs þar sem leitast er við að mæta öllum þeim þörfum sem nemendur hafa. Markmiðið er að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og mennta þá og þroska í námssamfélagi sem er lifandi (Ferguson o.fl. 2012). Skóli án aðgreiningar er hugmyndafræðileg stefna sem getur verið flókin í framkvæmd og því er mikilvægt að allir einbeiti sér að því að aðlaga hugsunarhátt og aðferðir að því að hægt sé að meta árangur. Áskorunin er að mynda skóla þar sem eðlilegt þykir að nemendur séu misjafnir og staddir á mismunandi stöðum í sínu lífi, skólinn á þannig að taka mið af öllum nemendum sínum og vinna að markmiðum allra í sameiningu (Rannveig Klara Matthíasdóttir, 2012).

Ferguson (Rannveig Klara Matthíasdóttir 2012) fjallar um að til séu þrjár mikilvægar leiðir sem þarf að fara í gegnum til þess að hægt sé að þróa starf skóla án aðgreiningar eins og æskilegt er. Í fyrstu þarf að breyta fyrirkomulagi í skólum sem skipulagðir eru í kringum námsárangur í skóla án aðgreiningar þar sem fjölbreyttir

kennsluhættir eru notaðir og stuða að því að allir nemendur hafi jöfn námstækifæri. Í öðru lagi verður breyting á hlutverki kennarans þar sem aukin áhersla er á að efla nemendur í þekkingarleit sinni, hvetja þá til náms og stuðla að hæfni þeirra og sjálfstæði í námi. Að lokum þurfa kennarar að þróast frá því að vera í þjónustuhlutverki við nemendur sína yfir í að vera nemandanum til stuðnings og taka þátt í lífi hans.

Starf kennara í dag er orðið mun flóknara viðfangs heldur en tíðkaðist áður fyrr, nú þegar fjölbreytileiki nemendahópsins er mikill og þarfir einstaklinganna misjafnar. Kennarinn er oft með breiðan hóp nemenda og þarf að finna leiðir sem henta öllum nemendum. Ekki eru kennarar einungis að sinna námslegum þáttum nemenda heldur einnig þeim félagslegu. Grundvöllurinn fyrir því að skóli án aðgreiningar geti gengið upp er þekking, færni og jákvætt viðhorf kennara (Ingibjörg Bj. Bjarnadóttir, 2011).

Hver einstaklingur á að eiga þess kost að stunda nám við sitt hæfi sem hefur verið aðlagað að þörfum hans. Með einstaklingsmiðuðu námi er átt við að kennari lagi námsmarkmið, kennsluaðferðir, námsefni og skipulag kennslunnar að þörfum hvers nemanda og hópsins í heild. Nemandinn sjálfur á að taka virkan þátt og bera ábyrgð í námi sínu. Með einstaklingsmiðuðu námi er verið að hverfa frá þeirri hugmynd að allir nemendur séu að læra það sama á sama tíma líkt og áhersla hefur verið lögð á í skólakerfinu oft á tíðum. Það eru þó ekki einungis námslegir þættir sem þarf að horfa til þegar kemur að skólagöngu barna. Rannsókn Snæfríðar Þóru Egilson (2003), þar sem skoðuð er þátttaka fatlaðra nemenda í bekk, sýnir fram á mikilvægi félagslegrar þátttöku barna með sérþarfir í skólakerfinu og mikilvægi þess að þau eigi þess kost að vera fullgildir meðlimir í bekk. Oftar en ekki telja bæði foreldrar og nemendur að félagslegir þættir skipti mun meira máli en námslegir þegar kemur að skólagöngu. Félagslegt samneyti og vellíðan nemanda gefur þeim meira en góðar einkunnir. Það skiptir því miklu máli að huga að félagslegum tengslum þegar skólaganga barna er undirbúin sem og að veita þeim nám sem er í samræmi við þarfir þeirra og þroska.

Réttur barna til náms án aðgreiningar

Það er litið á menntun sem sjálfsagðan hlut í því samfélagi sem við búum í en ekki eitthvað sem aðeins fáir útvaldir fá að njóta. Það standa hins vegar ekki allir jöfnum fæti þegar kemur að námi og það kemur til út af til dæmis heilsufari, efnahag og fötlun. Menntun er mikilvæg bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið, það er hægt að segja að menntun sé ein af meginstoðum lýðræðis og að hún sé undirstaða menningar og velferðar (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

Það er talið mikilvægt að fólk geti menntað sig því það er forsenda þess að fólk fái notið annarra mannréttinda, til dæmis tjáningarfrelsis, stjórnmálaþátttöku og fleira. Skortur á grunnmenntun kemur í veg fyrir að fólk geti sótt rétt sinn gagnvart yfirvöldum. Réttur til menntunar flokkast oft sem efnahagsleg, félagsleg eða menningarleg mannréttindi. Þegar menntun er skoðuð í samhengi við fötlun þá er það ekki einungis menntunin fyrir fatlaða sem skiptir máli heldur almenn menntun í samfélaginu því hún eykur og bætir mannréttindi fatlaðra. Fræðslan og þekkingin eru besta vörnin gegn fordómum (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

Með því að efla menntun hjá öllum og gera skólakerfið aðgengilegt fyrir alla þá munu fordómar gagnvart fötluðu fólki hverfa með tímanum. Ef það telst eðlilegt að allir gangi í sama skólann þá hættir almenningi ef til vill að finnast það óeðlilegt eða að flokka börnin í sundur eftir getu þeirra til náms. Með stefnunni skóla án aðgreiningar er verið að vinna að þessu markmiði (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

Lög um leik- og grunnskóla

Skipta má skólastigunum í fjögur stig. Fyrst er það leikskóli svo grunnskóli, framhaldsskóli og að lokum háskóli. Samkvæmt 1.gr. laga um leikskóla 90/2008 er hann fyrsta skólastigið, flest öll börn hér á landi ganga í leikskóla áður en þau fara í grunnskóla. En það má þó nefna að í raun er það ekki svo að öll börn eigi skilyrðislaust rétt á leikskóladvöl þar sem það er ekki í lögum að öll börn skuli ganga í leikskóla líkt og grunnskóla. En samkvæmt 19.gr laga um málefni fatlaðra 59/1992 eiga börn með fötlun jafnan aðgang að leikskólavist líkt og önnur ófötluð börn. Leikskólinn hefur verið mikill brautryðjandi fyrir fatlað fólk því það hefur lengi tíðkast að fötluð börn gangi í almennan leikskóla (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

Í lögum um leikskóla 90/2008 er talað um markmið leikskólans og þar segir að velferð og hagur barna sé hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Að starfshættir leikskólans skuli mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, umhyggju og virðingu fyrir manngildi. Það kemur fram að það sé mikilvægt að jafnrétti gildi og að það sé borin virðing fyrir manngildi. Það má lesa svo úr lögum leikskólans að öll börn séu jöfn hvort sem um fötluð börn er að ræða eða ófötluð. Í fyrrnefndum lögum um leikskóla segir í 22.gr. að öll börn sem þurfa á sérstakri aðstoð eða þjálfun að halda að mati greiningaraðila eigi rétt á því. Einnig segir að þjónustan skuli fara fram undir handleiðslu sérfræðings

Þegar fyrsta skólastiginu lýkur tekur grunnskóli við. Öllum börnum er skylt að sækja gunnskóla á aldrinum 6-16 ára samkvæmt 3. grein laga um grunnskóla 91/2008.

Líkt og í lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 2.gr grunnskólalaga 91/2008 að starfshættir skulu grundvallast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Einnig skal grunnskólinn leitast við að haga störfum sínum í samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Einnig er fjallað um í 13.gr. laganna þann rétt sem nemendur hafa til kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi og í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum hvers og eins

Í 17.gr. laga um grunnskóla er fjallað um nemendur með sérþarfir þar segir í 1. mgr.:

> Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis (Lög um grunnskóla 91/2008).

Í lögunum kemur það skýrt fram að allir nemendur eiga rétt á námi í sínum heimaskóla ef foreldrar og barn kjósa það. Fram kemur í 4.mgr. laganna að ef foreldrar, skólastjórnendur, kennarar eða aðrir sérfræðingar telja að barn sé ekki að fá viðunnandi kennslu í almennum grunnskóla, þá eiga foreldrar kost á að sækja um skólavist fyrir barn sitt í sérskóla eða annarskonar sérúrræðum (Lög um grunnskóla 91/2008). Með þessum lögum ættu allir að fá jöfn tækifæri til menntunar og eftir því sem hentar hverju og einu barni.

Alþjóðasamningar sem snerta nám barna

Markmiðið er að öll börn eigi kost á að hljóta menntunar við hæfi. Ýmsir sáttmálar og yfirlýsingar eru til sem kveða á um þennan rétt barna til menntunar. Í 26.grein Mannréttindayfirlýsingarinnar Sameinuðu þjóðanna (2008) segir að allir hafi rétt til menntunar. Menntun skal vera endurgjaldslaus fyrir öll börn á grunnskólaaldri. Grunnskólamenntun er skylda. Allir eiga að hafa rétt á framhaldsmenntun. Í öðrum hluta 26. greinar kemur fram að menntun eigi að þroska persónuleika einstaklings og auka virðingu hans fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi. Öll menntun skal styrkja starf Sameinuðuþjóðanna í þágu friðar. Í þriðja hluta sömu greinar kemur fram að það er ávallt í höndum foreldra að ákveða hverskonar menntun börn þeirra skulu hljóta. Þessi

ákvæði koma einnig fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sáttmálinn leggur mikla áherslu á að börn með fötlun fái menntun því það getur skipt miklu máli fyrir þau í framtíðinni og að það eigi ekki að hafa áhrif á menntun þeirra og aðgengi hvort foreldrarnir séu efnaðir eða ekki (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

Í Salamanca – yfirlýsingunni (1994) er komið inná menntun barna og mikilvægi hennar. Þar segir að menntun sé frumréttur hvers barns. Þarfir barna eru ólíkar og því þarf að laga skólakerfið að þörfum hvers og eins. Í annarri grein Salamanca – yfirlýsingarinnar segir að:

> Almennir skólar séu virkasta aflið til að sigrast á hugarfari mismununar, móta umhverfi sem tekur fötluðum opnum örmum, móta þjóðfélag án aðgreiningar og koma á menntun öllum til handa; enn fremur megni þeir að veita þorra barna góða menntun og stuðli að skilvirkni menntakerfisins í heild og bæti, þegar til lengdar lætur, nýtingu fjármuna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 1994).

Mikilvægt er að öll börn geti stundað sitt nám og komið sé til móts við þarfir þeirra hverju sinni. Líkt og fram kemur í Salamanca – yfirlýsingunni (1994) eru almennir skólar virkasta aflið til þess að minka fordóma.

Ólík sýn á fötlun

Ólík sjónarhorn á fötlun hafa verið ríkjandi í áranna rás. Læknisfræðilega sjónarhornið leitast við að lækna eða bæta þá einstaklinga sem einhverskonar skerðingar hafa. Félagslegu sjónarhornin horfa aftur á móti á það samfélag sem einstaklingurinn býr í og hvernig má aðlaga það að þeirra þörfum.

Læknisfræðilegt sjónarhorn

Í flestum tilfellum sem fræðistörf hafa beinst að fötluðu fólki er það sett í samhengi við læknisfræðilegan skilning þar sem skerðingin er álitin vera einstaklingsbundinn galli (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Læknisfræðilegt sjónarhorn á fötlun var ráðandi í vestrænum heimi mestan hluta 20. aldar og hugmyndir um fötlun eru enn mjög litaðar af þeim skilningi. Samkvæmt því sem Rannveig Traustadóttir (2006) segir er læknisfræðilegi skilningurinn að greina líkamleg og andleg afbrigði eða skerðingu og veitir ráðgjöf um meðferð, endurhæfingu

eða umönnun. Eftir að einstaklingur hefur fengið læknisfræðilega greiningu er talið að hann þurfi aðstoð sérfræðinga oft er hann settur í sér hóp og aðgreindur frá ófötluðu fólki og samfélaginu og settur á sérstakar stofnanir sem er ætlað að þjóna honum.

Á síðustu árum hafa læknavísindin lagt áherslu á erfðavísindi sem nýja leið til að útrýma erfðagöllum, sigrast á sjúkdómum og endurheimta eðlilega færni. Nýju erfðavísindin hafa vakið mikla umræðu um stöðu fatlaðs fólks gagnvart læknavísindunum og átök um siðferðisleg mál, meðal annars um réttmæti þess til að bjóða upp á fósturgreiningu svo hægt sé að sjá erfðagalla fósturs snemma á meðgöngu og útrýma þeim á kerfisbundinn hátt. Læknisfræðilega sjónarhornið kemur ekki eingöngu fram í heilbrigðisvísindum, sjónarhornið hefur einnig verið ráðandi innan annara fræðigreina og má þar nefna félagsvísindi og menntunarfræði. Þetta hefur haft mikil áhrif á aðstæður og líf fatlaðra bana (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Félagsleg sjónarhorn

Aðallega eru tvö sjónarhorn sem horfa félagslega á fötlun einstaklinga. Það eru breska félagslega líkanið og norræni tengslaskilningurinn. Þessi tvö sjónarhorn eiga það sameiginlegt að horfa frekar til umhverfisins sem einstaklingurinn býr í en að einblína á sjálfa skerðinguna.

Þær hugmyndir sem liggja til grundvallar breska félagslega líkaninu koma frá samtökum fatlaðra í Bretlandi sem heita Union of the Physically Impaired Against Segregation, UPIAS. Samtökin lögðu áherslu á að fatlað fólk yrði að tala fyrir sig sjálft, ekki einhverjir fræðimenn sem þekkja fötlun ekki af eigin reynslu (Abberly, 1998). UPIAS gaf út yfirlýsingu sem lýsti því yfir að fólk með skerðingu sé fatlað af samfélaginu. Þessi yfirlýsing var afar róttæk á þeim tíma sem hún var að koma fram og hafði mikil áhrif, hún lagði hornsteininn að breska félagslega líkaninu um fötlun (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Líkanið hafnar þeirri hugmynd að skerðingin orsaki fötlunina. Því er einnig hafnað að skerðing og fötlun sé það sama. Breska félagslega líkanið segir að fötlunin orsakist ekki af erfiðleikum einstaklinga með líkamlegar, andlegar eða skynrænar skerðingar við að framkvæma ýmsar athafnir. Þess í stað er talað um að fötlun sé afleiðing af fyrirkomulagi sem felur í sér félagslegar hindranir og takmarkar möguleika fólks með skerðingar (Rannveig Traustadóttir, 2006; Abberley, 1998).

Hugmyndir breska félagslega líkansins hafa verið frelsandi fyrir fatlað fólk því þar er litið svo á að erfiðleikar þess og vandamál séu afleiðingar samfélagsins í stað þess að telja allan vanda viðkomandi manneskju afleiðingu skerðingarinnar (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Nýr skilningur varð á fötlun sem fólst í því að draga fram mikilvægi samfélagslegra þátta, meðal annars þjónustu við fatlað fólk. Þennan nýja skilning má finna í lögum, reglugerðum, stefnumótandi skýrslum og öðrum opinberum gögnum á Norðurlöndum frá því um miðjan sjöunda áratuginn (Rannveig Traustadóttir, 2006). Áherslan var lögð á að beina athyglinni frá því að skilgreina einstaklinginn sem vandamál og fara í það að fjarlægja samfélagslegar hindranir, laga umhverfið að fötluðu fólki og veita stuðning og þjónustu (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Samkvæmt norræna tengslalíkaninu er fötlun er misræmi milli einstaklings og umhverfis. Það er að fötlun einstaklins verður þegar misræmi er á milli umhverfisins og einstaklingsins. Ástæðan er sú að umhverfið gerir ekki ráð fyrir margbreytileika einstaklinga og allir eru settir undir sama hatt. Fötlun er aðstæðubundin, hvort ákveðin skerðing leiðir til fötlunar eða ekki fer eftir aðstæðum og er bundin því samhengi sem einstaklingurinn er í hverju sinni (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Eðlilegt líf og samfélagsþátttaka

Þegar félagsfræðingurinn Bengt Nirje kom fram með hugmyndir sínar um eðlilegt líf lagði hann áherslu á að skapa fötluðu fólki skilyrði til þess að lifa lífi sem líktist því sem samborgarar þess höfðu kost á að lifa á hverjum tíma. Á þeim tíma sem Nirje var að koma fram með hugmyndir sínar voru fatlaði einstaklingar vistaðir á stofnunum og hugmyndir Nirje miðast því út frá þeim aðstæðum sem fatlað fólk bjó við á þeim tíma. Eftir að Nirje kom fram með sínar hugmyndir um eðlilegt líf fatlaðs fólks kom félagsfræðingurinn Wolf Wolfensbergar fram með endurskoðaðar hugmyndir á kenningum um eðlilegt líf. Samkvæmt hugmyndum Wolfensberger taldi hann að fötlun leiddi til stimplunnar í samfélaginu. Með því bíður sjálfsmynd fatlaðs fólks hnekki og það hefur ekki kost á að gegna félagslegum hlutverkum sem njóta virðingar í samfélaginu og á því ekki kost á að vera virkir þátttakendur í samfélaginu (Margrét Margeirsdóttir, 2001).

Nirje lagði áherslu á að það ætti ekki að breyta fötluðu fólki á neinn hátt heldur aðstæðum þeirra og lífsskilyrðum og gera aðstæðurnar sem líkastar því sem tíðkast í

samfélaginu á hverjum tíma. Umhverfið þarf að taka mið af fatlaða einstaklingnum og gera ráð fyrir öllum hans þörfum, með þeim hætti getur einstaklingurinn lifað því lífi sem hann kýs að lifa. Hver einstaklingur á að hafa rétt á því að vera frábrugðin fjöldanum og hafa jafna möguleika til góðra lífsskylirða (Margrét Margeirsdóttir, 2001).

Með því að bregðast við þörfum hvers einstaklings fyrir sig er möguleiki á að stuðla að sjálfstæðu lífi einstaklings sem er mikilvægt fyrir hann og líðan hans. Með sjálfstæðu lífi er átt við að fatlaðir einstaklingar eigi kost á því að segja til um þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda og eigi kost á að velja hvenær þeir kjósi að nýta sér þá þjónustu sem þeir þarfnast (Sjálfsbjörg, e.d.). Breska fræðikonan Jane Morris, sem sjálf er fötluð, telur að flestar skilgreiningar fatlaðs fólks á sjálfstæðu lífi feli í sér þrjú megin atriði. Í fyrsta lagi á fatlað fólk að hafa sama rétt og þeir sem eru ófatlaðir til þess að hafa stjórn á sínu eigin lífi. Í öðru lagi telur hún að hefðbundnum skilningi á orðinu sjálfstæði sé ógnað. Í þriðja og síðasta lagi á fatlað fólk sjálft að hafa stjórn á allri þeirri þjónustu og stuðningi sem það þarf að nýta sér hverju sinni. Með þessu er átt við að sjálfstæði beinist ekki að líkamlegri eða vitsmunalegri getu einstaklinga til þess að sjá um sig algerlega sjálfir. Sjálfstæðið beinist frekar að því að einstaklingar geti átt kost á því að stjórna og hafa aðgang að þeirri þjónustu sem hann þarf á að halda hverju sinni (Hrefna K. Óskarsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2008). Það er mikilvægt að bera virðingu fyrir hverjum einstaklingi fyrir sig. Hver manneskja á rétt á því að lifa þannig lífi að verðleikar og einstaklingseðli geti notið sín sem allra best. Þegar átt er í nánum samskiptum við einstaklinga er ætlast til þess að sá tilgangur sé virtur sem hver manneskja hefur með sínu lífi. Það er gert með því að virða sjálfræði hverrar manneskju. Sjálfræði er ekki virt með því að láta einstaklinga afskiptalausa. Sjálfræðið er virt með því að gefa einstaklingum ákveðið svigrúm í sínu eigin lífi (Vilhjálmur Árnason, 2003).

Skólaaldurinn er mjög mikilvægur fyrir alla einstaklinga. Á þeim aldri er félagsþroskinn að mótast, þegar börn eiga í samskiptum við jafnaldra sína. Börnin verða að hafa tækifæri til þess að kynnast sjálfum sér og skapgerð sinni til þess að eiga þess kost að geta byggt upp sjálfstraust sem svo fylgir þeim alla ævi. Börn og unglingar eiga því að eiga kost á því að ganga í skóla og samkvæmt hugmyndum Nirje ættu þau ekki að vera í sérumhverfi, þar sem þau eru aðeins ásamt fullorðnu fólki sem verður til þess að þau eru aðskilin frá venjulegu umhverfi skólabarna. Með því að útiloka möguleikann á því að börn geti tekið þátt í eðlilegu skólaumhverfi með jafnöldrum er verið að koma í veg fyrir að sjálfsmynd þeirra geti mótast á sem eðlilegastan hátt. Sé komið í veg fyrir

slíka mótun getur það leitt til vanmáttar eða neikvæðrar sjálfsmyndar þegar komið er á fullorðinsár. Þær stuðningsleiðir sem gerðar eru fyrir börn og unglinga á skólaaldri eiga því að stuðla að því að þau séu sjálfstæð og geti bjargað sér sjálf eins mikið og kostur er. Wolfensberger sagði mikilvægt að draga fram jákvæðar hliðar og þroska þá hæfileika sem hver einstaklingur hefur að geyma. Með þessum leiðum er hægt að vinna gegn neikvæðum viðhorfum samfélagsins og stimplunum í garð fatlaðs fólks. Það er mikilvægt að gefa hverjum einstaklingi færi á mennta sig og stuðla að félagslegum og andlegum þroska hvers og eins (Margrét Margeirsdóttir, 2001).

Viðhorf

Mikil breyting hefur orðið á aðstæðum fólks með þroskahömlun á undanförnum áratugum. Sú breyting hefur til dæmis orðið að horfið hefur verið frá stofnanavistun. Í stað þess úrræðis er fólk með fötlun farið að nýta sér almenna þjónustu í samfélaginu. Ýmis félagasamtök hafa stuðlaða að breyttum aðstæðum, svo sem Landssamtökin Þroskahjálp. Nú eiga börn kost á að ganga í almenna leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Við þessar breytingar er bæði áhugavert og nauðsynlegt að skoða hvernig skólakerfinu hefur tekist að svara þörfum ólíks nemendahóps í námi (Gretar L. Marinósson, 2007).

Í lok apríl 2002 óskuðu Landssamtökin Þroskahjálp eftir því að gerð væri rannsókn um stöðu þroskahamlaðra barna á leik- og grunnskólaaldri á landinu. Í kjölfarið var því farið af stað með rannsóknin og voru niðurstöður hennar birtar í bókinni Tálmar og tækifæri (Gretar L. Marinósson, 2007). Tilgangur rannsóknarinnar var fjórþættur. Í fyrsta lagi að skilgreina þau börn sem greind höfðu verið með þroskahömlun á leik-, grunn- og framhaldsskólaaldri og finna hvar þessir nemendur væru í skóla. Í öðru lagi að kanna viðbrögð menntamálaráðuneytis, sveitarfélaga og einstakra skóla við námsþörfum nemenda með þroskahömlun. Í þriðja lagi var markmiðið að skoða hvort opinber stefna um menntun fatlaðra nemenda samræmdist framkvæmd hennar. Að lokum var markmiðið að leitast við að skoða hvernig brugðist hefur verið við námsþörfum nemenda út frá þeim hugmyndum sem foreldrar, nemendur sjálfir og starfsmenn skóla hafa.

Eins og komið hefur fram hér að ofan kveða lög og reglugerðir á um að allir eigi að sitja við sama borð þegar kemur að menntun og menntunarmöguleikum. Það er þó ekki mikið vitað um hvernig staðið er við þessa þætti sem eiga að vera sjálfsagðir öllum. Samkvæmt rannsókninni Tálmar og tækifæri telja foreldrar að nokkrir þættir kunni að

standa í vegi fyrir því að börn þeirra fái nám við hæfi. Þeir telja að þeir séu óbeint þvingaðir til þess að velja sérskóla fremur en almenna skóla. Að menntunarkröfur í almennum skólum séu of litlar og henti börnunum ekki. Starfsfólki í almennum skólum skortir þekkingu til þess að sinna menntun þessara einstaklinga. Að lokum telja þeir að undirbúningur og skipulag kennslu sé ómarkviss og að stuðningur sem nemendur geta fengið við námið sé ekki nægur í almennum skólum (Gretar L. Marinósson, 2007).

Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir (2010) gerðu rannsókn um skipulag og framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar. Teknir voru fyrir fimm skólar þar sem upplýsingaöflun fór fram með viðtölum við kennara og skólastjórnendur þar sem markmiðið var að komast að því hvernig gengur að fara eftir stefnu skóla án aðgreiningar. Þar kom fram að almennt voru kennarar og skólastjórnendur jákvæðir gagnvart skóla án aðgreiningar en töldu þó að það vantaði ráðgjöf og fræðslu. Kennarar töldu að það gæti hjálpað þeim mikið að fá námskeið um til dæmis kennsluaðferðir og verkefni sem miðast við nemendahóp með ólíkar þarfir. Flestum kennurum þótti það jákvæð áskorum að fá nemanda með sérþarfir í bekkinn og takast á við að kenna honum. En það sem kom oft fram í niðurstöðum rannsóknarinnar var að viðhorf kennara og stjórnenda væri jákvætt og gott gagnvart þeim nemendum sem einhverskonar sérþarfir hafa (Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010).

Eins og sjá má á þessum rannsóknum sem teknar hafa verið fyrir hér að framan er viðhorf líklega stór þáttur í því hvernig gengur að vinna eftir stefnu skóla án aðgreiningar. Miklu máli skiptir að kennarar og starfsfólk sé opið fyrir því að taka á móti nemendum með sérþarfir og bjóða þeim upp á það nám sem hentar hverjum og einum best. Einnig er mikilvægt að fagfólk sé tilbúið að sækja sér fræðslu og sækist eftir því að auka þekkingu sína svo ef til vill megi vinna betra og árangursríkara starf með nemendum og foreldrum.

Umræður

Í þessum kafla verður efni sögunnar tengt við fræðilega þáttinn hér að framan. Rýnt verður í efni sögunnar og hún skoðuð út frá hugmyndinni um skóla án aðgreiningar og þeim lögum og reglugerðum sem eiga þar við. Einnig verður efnið tengt við eðlilegt líf og mikilvægi þess að einstaklingar eigi kost á því. Að lokum verður efni sögunnar tengt við viðhorf sem eiga sér stað í samfélaginu og miðast að skólum og skólamálum.

Þessir þættir sem koma hér á eftir eru hugmyndir höfunda að því hvernig sagan getur tengst þeim lögum og reglugerðum sem fjallað hefur verið um, sem og öðrum hugmyndum sem tilgreindar hafa verið.

Tenging sögunnar við skóla án aðgreiningar

Eva hefur tækifæri til þess að stunda nám sitt í leikskólanum rétt eins og önnur börn á hennar aldri og í sögunni hefur skerðing hennar ekki nein áhrif á möguleika hennar til náms þar. Nám hennar á leikskólanum er því án aðgreiningar þrátt fyrir að það sé ekki skilgreint nákvæmlega í sögunni hvernig því er háttað. Við sjáum þó að hún eigi kost á að fylgja hópnum sínum í þeim verkefnum sem verið er að vinna hverju sinni.

Líkt og greint var frá hér að framan kemur það fram í aðalnámsskrá leikskóla (2011) að mikilvægt sé að nemendur sem eru að ljúka leikskólagöngu sinni hafi tækifæri til þess að heimsækja grunnskólann og kynnast því starfi sem þar er unnið áður en þeir hefja þar nám. Með því að fá slíkt tækifæri eru meiri líkur á því að flutningur barna milli leikskóla og grunnskóla verði farsæll. Eva hefur tækifæri til þess að upplifa þessa mikilvægu þætti þegar kemur að því að flytjast um skólastig. Í sögunni viljum við leggja áherslu á að skerðing hennar á ekki að þurfa að vera hindrun í að kynnast næsta skólastigi og vera í tengslum við grunnskólann og það sem hann hefur uppá að bjóða. Eva er með félögum sínum úr leikskólanum og fær að kynnast starfsemi grunnskólans á sama hátt og þau og vinna að sömu verkefnum og hin börnin. Þar sem sagan um Ella og Evu er aðeins skáldskapur er erfitt að alhæfa að aðstæður sem þessar séu auðveldar í raunveruleikanum. Líklega skipta viðhorf kennara og aðstæður í umhverfinu miklu máli þegar kemur að því að taka þátt í þeim eðlilega þætti að færast upp um skólastig líkt og fram kemur í ritgerð Ingibjargar Bj. Bjarnadóttur sem fjallað var um hér að framan.

Með sögunni vilja höfundar sýna frammá mikilvægi þess að öll börn eigi þess kost að ganga í skóla og fá að taka þátt í því starfi sem á sér stað innan hans. Það ætti ekki skerða möguleika barnsins að taka þátt í almennu skólastarfi þrátt fyrir að skerðing sé til staðar.

Ekki er tilgreint í sögunni hvort Eva þurfi á einhverskonar sérúrræðum að halda varðandi bóklegt nám en vegna skerðingar sinnar þarf hún að öllum líkindum aðstoð við að komast um skólabygginguna sem og aðstoð við þætti sem snúa að daglegri umhirðu svo sem salernisferðir og annað. Þannig viljum við sýna fram á að skerðing barna á ekki að skipta máli þegar kemur að möguleikum þeirra til að taka þátt í almennu skólastarfi.

Samkvæmt skóla án aðgreiningar á hún að fá einstaklingsmiðað nám þegar komið er í grunnskólann rétt eins og hin börnin. Bæði Elli og Eva eiga því að fá nám og kennslu sem er í samræmi við þarfir þeirra og þroska séu þau að sækja skóla án aðgreiningar. Sú þjónusta sem hún þyrfti á að halda utan hefðbundins bóklegs náms á að vera auðfengin þar sem fjölbreytileikinn á að vera virtur í skóla án aðgreiningar og allir skulu eiga kost á að fá þá þjónustu sem þeir þurfa. Þessir þættir koma fram í lögum um grunnskóla 91/2008 þar sem segir að öll börn eiga rétt á að ganga í almennan skóla.

Í sögunni er lögð áhersla á vináttu ólíkra einstaklinga. Hvað varðar félagslegu tengslin þá eiga bæði Elli og Eva í góðum tengslum við jafnaldra sína. Eva á þess kost að taka þátt í því sem verið er að gera í öllum leik, hún getur til dæmis leikið sér úti með börnunum án nokkurra vandræða. Það er jafn mikilvægt bæði fyrir Ella og Evu að eiga þess kost að vera með jafnöldrum sínum og fá tækifæri til þess að mynda tengsl við hópinn og efla þannig félagsleg samskipti sín við aðra meðlimi í hópnum. Líkt og fram kom í niðurstöðum Snæfríðar Þóru Egilson (2003) skipta félagsleg samskipti miklu máli fyrir börn á skólaaldri og hefur mikil áhrif á líðan þeirra í skólanum.

Tenging sögunnar við lög og reglugerðir

Þau réttindi sem hver einstaklingur hefur taka mið af lögum og reglugerðum og þeim ber að fylgja. Í sögunni um Ella og Evu hafa þau bæði sama rétt til skólagöngu samkvæmt lögum. Líkt og kemur fram í lögum um grunnskóla 91/2008, 17.gr. segir að nemendur eigi rétt á að ganga í almenna grunnskóla án aðgreiningar og að komið sé til móts við námslegar þarfir þeirra innan skólans. Það kemur því skýrt fram í lögum að Elli og Eva eigi bæði sama rétt til þess að ganga í almennan skóla. Skerðing Evu á ekki að hafa áhrif á möguleika hennar til skólagöngu í almennum skóla að neinu leyti. Bæði eiga þau að hljóta það nám sem stuðlar að þroska þeirra, velferð og menntun líkt og fram kemur í 2. gr. grunnskólalaga (91/2008).

Fram kemur í Mannréttindayfilýsingu Sameinuðuþjóðanna (2008) í 26. gr. 3. hluta að það skuli ávallt vera í höndum foreldra hver menntun barna þeirra er. Það er því í höndum foreldra að taka ákvörðun um það hvort barn þeirra hljóti menntun í almennum grunnskóla, sérdeild eða sérskóla. Skólinn á því að þurfa að vera undir það búin að fá nemendur með mismunandi getu og þarfir. Allir þessir námsmöguleikar eiga því að vera sambærilegir kostir og standa öllum til boða. Hver og einn nemandi á að fá þarfir sínar uppfylltar samkvæmt einhverjum þessara menntunarkosta.

Í Salamanca - yfirlýsingunni kemur fram að börn séu ólík og það þurfi að aðlaga skólakerfið að þörfum þeirra. Í 2. gr. Salamanca - yfirlýsingarinnar (1994) kemur fram að almennir skólar séu virkasta aflið til þess að vinna gegn því hugarfari sem veldur mismunun og móta umhverfi án aðgreiningar sem tekur fötluðu fólki opnum örmum. Eva á auðvelt með að fóta sig innan leikskólans og vera hennar þar er án allra fordóma.

Tenging sögunnar við ólík sjónarhorn á fötlun

Læknisfræðilegi skilningurinn er ekki ríkjandi í sögunni um Ella og Evu. Eva getur tekið þátt í öllu og því eru félagsleg sjónarhorn ríkjandi í lífi hennar. Líkt og félagslegu sjónarhornin segja til um er það samfélagið sem á að laga sig að þörfum einstaklinga en þeir eiga ekki að þurfa að laga sig að þörfum samfélagsins (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Í norræna tengslaskilningnum kemur fram að fötlun sé aðstæðubundin og það fari eftir aðstæðum hverju sinni hvort einstaklingur teljist með fötlun eða ekki (Rannveig Traustadóttir, 2006). Það hefur engin áhrif á líf Evu að vera í hjólastól þar sem hún fær þá aðstoð sem hún þarf til þess að taka þátt því sem lífið bíður uppá, líkt og að taka þátt í skólaheimsókninni, fara út að leika sér og vera í samskiptum við jafnaldra sína.

Tenging sögunnar við eðlilegt líf og samfélagsþátttöku

Í sögunni um þau Ella og Evu hefur skerðing Evu ekki verið tilgreind þar sem höfundar telja að hún skuli ekki hafa áhrif á það líf sem í boði er fyrir Evu. Þrátt fyrir skerðingu sína hefur hún haft jafnan möguleika og önnur börn til þess að stunda sitt nám á leikskólanum. Þegar börnin fara í heimsókn í grunnskólann fer Eva ásamt hinum börnunum og tekur þátt í öllu því sem þau gera. Fötlunin skerðir því ekki möguleika hennar á nokkurn hátt þar sem hún tekur fullan þátt í heimsókninni með börnunum. Hún fer samferða þeim í skólann og er með þeim í öllu því sem þau taka sér fyrir hendur meðan á heimsókninni stendur. Samkvæmt hugmyndum Nirje er skólaaldurinn mikilvægur til þess að börn geti mótað félagsþroska sinn og því er mikilvægt fyrir þau að fá að vera í umhverfi með jafnöldrum sínum (Margrét Margeirsdóttir, 2001).

Meðan á sögunni stendur fær Eva þá þjónustu sem hún þarf á að halda þegar kemur að skólaumhverfinu. Með því að fá þá þjónustu sem hún þarf á að halda á hún kost á að taka þátt í því sem börnin eru að gera hverju sinni og njóta samveru við

jafnaldra sína. Samkvæmt því sem fram kemur í Salamanca – yfirlýsingunni (1994) þarf að laga skólaumhverfið að þörfum hver og eins þar sem margbreytileikinn er mikill þarf að virða hann.

Eva á kost á því að fá þá þjónustu sem hún þarf á að halda vegna fötlunar sinnar, hún er sjálfstæð og lifir eðlilegu lífi með þeirri þjónustu sem hún þarf á að halda.

Tenging sögunnar við viðhorf

Í sögunni leggjum við áherslu á viðhorf sem birtast einna helst í því að Eva fái að taka þátt í almennum skóla ásamt jafnöldrum sínum. Hún á kost á því að fylgja jafnöldrum sínum að öllu leyti og taka þátt í því sem þau gera. Í lífi Evu er það auðsótt að komast í almennan skóla og njóta sömu réttinda og önnur börn. Eins og sjá má á niðurstöðum rannsóknarinnar Tálmar og tækifæri virðist þetta ekki svo auðsótt. Fram kemur að foreldrar upplifa oft á tíðum að þeir séu þvingaðir til að velja sérskóla eða önnur úrræði fyrir börnin sín í stað þess að geta sent þau í almennan skóla (Gretar L. Marinósson, 2007).

Í báðum þeim rannsóknum sem skoðaðar voru hér að framan með viðhorf til skóla án aðgreiningar í huga kom fram að kennarar og starfsfólk grunnskóla hafi ekki nægilega þekkingu til að takast á við skóla án aðgreiningar. Starfsfólk skólanna taldi sig ekki hafa nægilega þekkingu til þess að taka á móti öllum nemendum og bjóða þeim nám við sitt hæfi. Auka þyrfti fræðslu í formi námskeiða þar sem komið væri inná hentugar kennsluaðferðir og námsgögn sem gætu hentað fyrir nemendur með sérþarfir. Líklega má áætla að vegna þekkingarleysis sé viðhorf til nemenda með sérþarfir ekki nægilega gott í almennum grunnskólum (Gretar L. Marinósson, 2007; Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010).

Eins og áður hefur komið fram er sagan um Ella og Evu er aðeins skáldskapur og þau viðhorf sem koma fram í garð Evu í sögunni sýna væntingar höfunda til þess sem ætti ef til vill að vera sjálfsagður hluti í lífi barna með sérþarfir. Eftir að hafa skoðað rannsóknir og niðurstöður þeirra má sjá að viðhorf raunveruleikans eru ekki þau sömu og nefnd eru í sögunni. Með bættri þekkingu og aukinni fræðslu má ef til vill stuðla að breyttum viðhorfum til hins betra í garð nemenda með sérþarfir. Börn með sérþarfir eiga að vera velkomin í hin almenna skóla og geta fengið þær kennsluaðferðir og námsefni sem hentar best hverju sinni.

Lokaorð

Eftir að hafa rýnt í fræðin um skóla án aðgreiningar og skoðað lítillega þann raunveruleika sem börn með sérþarfir virðast lifa í, kom okkur á óvart hversu mikið bil virðist vera milli þess veruleika sem sögupersónur bókarinnar lifa í á móti þeim sem lifa í raunveruleikanum. Bókin sýnir hvernig skóli án aðgreiningar ætti að virka samkvæmt þeim hugmyndum sem settar hafa verið fram. Einnig er tekið mið af þeim lögum og reglugerðum sem eiga við um menntun barna og í sögunni er farið eftir þeim lögum sem sett hafa verið og þeim fylgt. Raunveruleikinn virðist þó vera annar en sagt er frá í sögunni og ef til vill er þetta flókin stefna í framkvæmd. Að okkar mati er ekki nægilegt að setja lög og reglugerðir um skólagöngu barna, fræðsla og þekking þarf að vera til staðar svo menntun barna geti orðið árangursrík hvort sem það er í almennum skóla eða sérskóla.

Eftir að vinna við gerð verkefnisins hófst jókst þekking okkar á því hvað felst í skóla án aðgreiningar. Í upphafi var hugsun okkar sú að skóli án aðgreiningar væri frábær hugmynd á blaði en gæti illa gengið upp í raunverulegu samfélagi. Breyting hefur orðið á þeirri hugsun og ef til vill getur hugmyndafræðin gengið upp og skilað góðum árangri með bættri fræðslu og viðhorfi hjá starfsfólki innan skólans.

Heimildir

Abberly P. (1998). The Spectre at the Feast: Disable People and Social Theory. Í Tom Shakespeare (ritstjóri), *The Disability Reader*. Britain, Casell.

Aðalnámsskrá leikskóla. (2011). Sótt 15. mars 2013 af http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952

Brynhildur G. Flóvenz. (2004). *Réttarstaða fatlaðra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Dóra S. Bjarnason. (1998). *Leikskóli fyrir alla*. Reykjavík: Una.

Dewey, J. (1998). Creative democracy – The task before us. Í L.A. Hickman og T.M. Alexander (Ritstjórar), *The essential Dewey,*Vol.1. Bloomington: Indiana University Press.

Ferguson, D. L., Ralph, G., Meyer, G., Lester, J., Droege, C., Hafdís Guðjónsdóttir, Sampson, N. K., Williams, J., (2012). *Nám fyrir alla.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gestur Guðmundsson. (2008). *Félagsfræði menntunar*. Reykjavík: Skrudda.

Guðmundur Heiðar Frímannsson. (2010). Dewey, lýðræði, menntun og skólar. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki – Menntun, reynsla og lýðræði.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gretar L. Marinósson. (2007). Rannsókn á menntun nemenda með þroskahömlun. Í Gretar L. Marinósson (ritstjóri). *Tálmar og tækifæri, menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hrefna K. Óskarsdóttir og Rannveig Traustadóttir. (4. október 2008). *Notendastýrð þjónusta og sjálfstætt líf.* Grein birtist í tímariti öryrkjabandalagsins. Sótt 24. febrúar 2013 af http://fotlunarfraedi.hi.is/notendastyrd_thjonusta_og_sjalfstaett_lif

Ingibjörg Bj. Bjarnadóttir. (2011). *Er komið til móts við alla nemendur í skólastarfinu?- Eigindleg rannsókn um hvernig nám og kennsla nemenda með CP er háttað í almennum bekk í grunnskóla.* Óbirt meistaraprófsritgerð: Háskóla Íslands, Menntavísindasvið.

Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. (2010). Ráðstefnurit Netlu. *Hvernig látum við þúsund blóm blómstra? Skipulag og framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar.* Sótt 26. mars 2013 af http://skemman.is/stream/get/1946/7806/20399/1/016.pdf

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Mannréttindaryfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. (2008). Sótt 17.mars 2013 af http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudutjodirnar/Undirflokkur/

Margrét Margeirsdóttir. (2001). *Fötlun og samfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (1994, júni). *Salamanca-yfirlýsingin, um grundvöll, stefnu og framkvæmd.* Sótt 16. mars, 2013 af http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgefin-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/2137

Rannveig Klara Matthíasdóttir. (2012). *Skóli án aðgreiningar – Viðhorf sérkennara í grunnskólum til stefnunnar skóli án aðgreiningar.* Óbirt meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýjum fræðiheimi. Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðisviði.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sjálfsbjörg. (e.d.). *Sjálfstætt líf – frelsi fyrir fatlað fólk*. Sótt 24. Febrúar 2013 af http://www.sjalfsbjorg.is/index.php/frettir/134-ssl

Snæfríður Þóra Egilson. (2003). Hreyfihamlaðir nemendur í almennum grunnskóla. Tækifæri og hindranir í umhverfinu. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Vilhjálmur Árnason. (2003). *Siðfræði lífs og dauða*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.